

BIG MAYR

31. töl. desember 2019

mánaðarins



STAR THE RISE OF SKYWALKER WARS

Fazer
Dumle



Ómótstæðilega gott...

SÖNGLEIKJAVIÐBURÐUR JÓLAHÁTÍÐARINNAR

JAMES CORDEN JUDI DENCH JASON DERULO IDRIS ELBA JENNIFER HUDSON

IAN MCKELLEN TAYLOR SWIFT REBEL WILSON INTRODUCING FRANCESCA HAYWARD

CATS

NÝTT
Í BÍÓ
FRUMSÝND
26. desember

Í LEIKSTJÓRN TOM HOOPER
BYGGÐ Á SÖNGLEIK ANDREW LLOYD WEBBER
OG SÖGU T.S. ELIOT

WORKSHOPTITLE AMBLIN ENTERTAINMENT

UNIVERSAL

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

EGILSHÖLL

BORGAR BÍÓ

Gleðileg jól

Desember er runninn upp enn eina ferðina með tilheyrandi hátíðahaldi sem verður vonandi ánægjulegt og gefandi fyrir alla Íslendinga nær og fjær. Víst er að kvikmyndaáhugafólk fær margt gott í skóinn í þessum síðasta mánuði ársins enda eru mjög áhugaverðar myndir á dagskrá kvikmyndahúsanna þótt þær séu ekki margar að þessu sinni. Eflaust bíða flestir eftir nýjustu og jafnframt síðustu *Star Wars*-myndinni, *The Rise of Skywalker*, sem prýðir forsíðu blaðsins að þessu sinni og verður frumsýnd 19. desember, en aðrar myndir mánaðarins eins og *Knives Out*, *Cats*, *Jumanji: The Next Level* og teiknimyndirnar *Spæjarar í dulargervi* og *Hodja og töfrateppið* eru líka spennandi hver á sinn hátt.

Athugið að næsta blað, janúarblaðið, kemur út á milli jóla og nýárs.

Desemberdagskrá bíóhúsanna:

29. nóv.	Knives Out	Bls. 16
6. des.	Jumanji: The Next Level	Bls. 18
6. des.	Hodja og töfrateppið	Bls. 20
19. des.	Star Wars: The Rise of Skywalker	Bls. 22
26. des.	Cats	Bls. 24
26. des.	Spæjarar í dulargervi	Bls. 26

Og eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á DVD- og VOD-útgáfuna sem finna má hinum megin í blaðinu.

Góða skemmtun.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá jólagjöfina og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna litla jólagjöf sem einhver gleymdi inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 🎁

Ef þú finnur jólagjöfina og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið með skilaboðum, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem jólagjöfin er. Mundu að hafa fullt nafn og heimilisfang með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með 17. desember. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum 18. desember og verða nöfn vinningshafa birt í næsta tölublaði.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu geislasverðið:

Aron Valtýsson, Hásteinsvegi 60, 900 Vestmannaeyjum
Tanja Björk Ómarsdóttir, Mánagötu 6, 400 Ísafirði
Svandís María, Mosaríma 15, 112 Reykjavík
Ásdís Lilja Ársælsdóttir, Stóra-Hálsi, 801 Selfossi
Örn Arnarson, Mosagötu 1, 210 Garðabæ

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

311. tbl. desember 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 18.000 eintök

GEFÐU SKEMMTILEGA JÓLAGJÖF



1 3 6 12
MÁNAÐA BÍÓKORT
FÁST Í MIÐASÖLU
LAUGARÁSBÍÓS

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS

FRELSADU ANDANN



SMINT.[®]
SYKURLAUST



Eins og búist var við hefur framhaldsmyndin *Frozen II* slegið í gegn í eins og fyrri myndin og á sennilega eins og hún eftir að ganga lengi í kvikmyndahúsum.

Sjáumst í bíó!

Þegar þetta blað kemur út í lok nóvember eru ekki bara margar góðar myndir úr nóvemberdagskránni í sýningu hjá kvikmynda-húsum heldur á enn eftir að frumsýna þrjár af þeim myndum sem kynntar voru í síðasta blaði. Þetta eru danska gamandramað *Den tid på året*, fléttumyndin *The Good Liar* og myndin *Countdown* sem eru allar á dagskrá 29. nóvember. Auk þeirra bættist svo við myndin *Knives Out* sem var ekki í síðasta blaði og er því kynnt nánar hér aftar í þessu. Annars viljum við endilega hvetja alla til að skella sér einnig á aðrar óséðar myndir úr nóvemberdagskránni áður en það verður of seint, myndir eins og t.d. *21 Bridges*, *Midway*, *Ford v Ferrari*, *Doctor Sleep*, *Last Christmas*, *Motherless Brooklyn* eða *Terminator: Dark Fate*, allt eftir smekk, nú eða teiknimyndina *Frozen II*, leirbrúðumyndina *Hrúturinn Hreinn: Rollurök* eða ... síðast en ekki síst ... meistaraverkið *Bergmál* eftir Rúnar Rúnarsson sem allir Íslendingar, nær og fjær, ættu að sjá.

★★★★★ RAMMER PLET
 PRÆCIS SÁ
 HJERTEVARM
 SOM ÅRSTIDEN
 ★★★★★ DEN MEST
 ELEGANTE
 OG MORSOMME
 DANSKE KOMEDIE
 I ÅREVS.
 ★★★★★ EN VÆLKYKKT OG BEGAVET
 FOLKEKOMEDIE.
 EN FÆLLEKKE
 JULEKLASSIKER.
 ★★★★★ UTROLIG
 VÆLKYKKT
 TAG JERES FAMILIE MED
 I BIFFEN OG NYD FILMET!
 ★★★★★ "MAN BÅDE GRÆNER,
 KRUMMER TÆER OG
 FØLER NOGET FOR KARAKTERERNE"
 ★★★★★ "PAPRIKA STEENS
 IMPONERENDE
 HJUTUDS-TOUR DE FORCE"
 ★★★★★ "DETTE
 STJERNESKUD
 SIDDER LIGE I SKABET."
 ★★★★★ DEN TID
 PÅ ÅRET
 EN FILM AF PÅPRIKA STEEN

READ
 BETWEEN
 THE
 LIES
 MIRREN
 MCKELLEN
 THE GOOD LIAR
 NOVEMBER 19 ONLY IN THEATRE

★★★★★ KNIVES
 OUT
 ★★★★★ COUNTDOWN


DEATH? THERE'S AN APP FOR THAT.
 COUNTDOWN



Birds of Prey-gengið er ekki árennilegt en það samanstendur auk Harley Quinn af Renee Montoya (Rosie Perez), Helenu „Huntress“ Bertinelli (Mary Elizabeth Winstead), Dinuh „Black Canary“ Lance (Jurnee Smollett-Bell). Með á myndinni er svo stúlkan sem allt snýst um, Cassandra Cain (Ella Jay).

Þú veist hver hún er

Birds of Prey (And the Fantabulous Emancipation of One Harley Quinn) er áttunda myndin í hinum sameinaða ofurhetjuheimi DC-Comics og um leið telst hún sjálfstætt framhald *Suicide Squad* sem var frumsýnd 2016. Myndin, sem Cathy Yan leikstýrir, verður frumsýnd 7. febrúar.



Sambandi þeirra Harley Quinn og Joker er nú lokið og þótt Harley sé dálítið fúl út af því og reið við sinn fyrrverandi sér hún auðvitað björtu hliðina líka, sem er sú að nú er hún frjálst eins og fuglinn á ný og getur gert það sem henni sýnist. Og það gerir hún þegar hún gengur í lið með þeim Renee Montoya, Helenu „Huntress“ Bertinelli og Dinuh „Black Canary“ Lance og myndar Birds of Prey-gengið sem lætur það verða sitt fyrsta verkefni að frelsa unga stúlku, Cassöndru Cain, úr klóm eins af grimmostu glæpakóngum Gotham-borgar, hins meinilla Romans Sionis, öðru nafni Black Mask, sem leikinn er af Ewan McGregor.

Fyrsta stikla myndarinnar hefur vakið mikla athygli enda afar góð og er sá orðrómur sterkur að myndin sé í raun fyrsta myndin í trí-lógíu um Harley Quinn og Birds of Prey-gengið. Það hefur þó ekki verið staðfest af þar til bærum aðilum sem vilja sjálfsgagt bíða og sjá hvernig þessari mynd reiðir af áður en framhald verður ákveðið.



Margot Robbie leikur hér á ný hina óbeisluðu Harley Quinn sem er alveg óhrædd við að taka til sinna ráða þegar á þarf að halda. Þess má geta að Margot er líka einn af framleiðendum myndarinnar og átti söguhugmyndina sem handritið er skrifað eftir.



toppur.

nettó

ICELANDAIR



Allir Geta Dansað



HEFST FÖSTUDAGINN 29. NÓVEMBER

Allir geta dansað

Dansveislan hefst á ný í glænýrri þáttaröð á Stöð 2. Þjóðþekktir Íslendingar skella sér í dansskóna og stíga sporið með fagðönsurum. Ekki missa af dúndur dansveislu þar sem alvöru dansstjórnur fæðast.

stod2.is 1817




Sextán árum eftir að þeir Martin Lawrence og Will Smith gerðu það gott sem löggurnar Marcus og Michael í *Bad Boys II* mæta þeir aftur á svæðið til að binda einn lausan enda sem varð eftir.

Greitt fyrir gamlar gjörðir

Árið 1995 var gott og gjöfult kvikmyndaár fyrir bandarískar myndir og einn af óvæntustu smellum þess árs varð grín- og hasarmyndin *Bad Boys* sem um leið var fyrsta bíómynd leikstjóra að nafni Michael Bay. Þeir Martin Lawrence og Will Smith léku aðalhlutverkin, æsku- og lögreglufélagana Marcus og Michael, og var Martin á þeim tíma mun þekktari leikari en Will sem hafði þó gert það gott í sjónvarpsþáttunum *The Fresh Prince of Bel-Air*. Myndin aflaði þeim báðum ómældra alþjóðlegra vinsælda og má segja að Will hafi síðan gulltryggt sess sinn á meðal Hollywood-stórstjarnanna með leik í næstu myndum, *Independence Day*, *Men in Black* og *Enemy of the State*. Árið 2003 var svo gerð framhaldsmynd, *Bad Boys II*, sem varð tvöfalt vinsælli en sú fyrri og áttu því allir von á að þriðja myndin fylgdi í kjölfarið. Það stóð líka alltaf til en gekk samt ekki upp af ástæðum sem of langt mál væri að rekja hér ... fyrr en í ársbyrjun 2017 þegar grænt ljós var gefið á gerð myndarinnar og allir voru klárir. *Bad Boys For Life* verður frumsýnd um miðjan janúar og geta áhugasamir fengið forsmekkin í tveimur stiklum sem komnar eru á netið.



Þeir Michael og Marcus þurfa að snúa bókum saman á ný þegar albankur málaði hyggst gjalda líku líkt og hefna bróður síns sem þeir felldu í einni af aðgerðum sínum fyrir sextán árum.



Það er Robert Downey Jr. sem leikur Dagfinn dýralækni og eins og sjá má hér fyrir ofan talar hópur þekktara breskra og bandarískra leikara fyrir helstu dýrin sem koma við sögu.


Dagfinnur dýralækni

Ævintýra- og fjölskyldumyndin *Dolittle* eftir Óskarsverðlaunahafann Stephen Gaghan verður, ef áætlun gengur eftir, frumsýnd 17. janúar og það er enginn annar en Robert Downey Jr. sem leikur titilpersónuna, dýralækni Dolittle eða Dagfinn dýralækni eins og hann hefur ætíð verið kallaður á íslensku. Upplýsingar um söguþráð myndarinnar eru enn sem komið er litlar en eftir því sem okkur hér á Myndum mánaðarins skilst best er myndin að mestu byggð á annarri skáldsögu rithöfundarins Hughs Lofting (1886–1947) um Dagfinn og ævintýri hans, *The Voyages of Doctor Dolittle*, sem var gefin út árið 1922, tveimur árum eftir að fyrsta bókin um hann kom út. Sé það rétt þá er um að ræða sömu sögu og myndin *Dr. Dolittle* frá árinu 1967 var byggð á en hún var með Rex Harrison í hlutverki Dagfinns og naut á sínum tíma mikilla vinsælda í bíóhúsum um allan heim. Þess ber að geta að *Dr. Dolittle*-myndirnar sem Eddie Murphy lék í á árunum 1998 og 2001 sóttu aðeins heitið og hugmyndina í sögur Hughs Lofting en voru ekki byggðar á neinni af bókum hans.



Upprunalegu sögurnar um Dagfinn gerast á árunum 1820 til 1840 og fjallaði fyrsta bókin, *The Story of Dr. Dolittle*, fyrst og fremst um tildrög þess að Dagfinnur lærði að tala dýramál við dýrin og hvers vegna hann kaus frekar félagsskap þeirra en manna. Í bók númer tvö, *The Voyages of Doctor Dolittle*, hélt hann hins vegar út í heim og lenti í hinum ótrúlegustu ævintýrum þar sem fjöldi ólíkra dýra frá öllum heimsálfum og svæðum komu við sögu.


Fyrsta smástikla myndarinnar er komin út og gefur sannarlega góða von um að hér sé á ferðinni ævintýramynd sem eigi eftir að gera það gott. Kíkið á hana.



MAARUD

GERIR GOTT ENN BETRA





Paul Walter Hauser leikur Richard Jewell sem bjargaði lífi fjölda fólks á tónleikasvæði Ólympíuleikanna í Atlanta 1996.

Dómstóll götunnar

Richard Jewell er nýjasta mynd meistara Clints Eastwood og er hún byggð á dagsannri sögu eins og svo margar af síðustu myndum Clints hafa gert.

Richard Jewell var öryggisvörður á útsvæði Ólympíuleikanna í borginni Atlanta í Georgíuríki sumarið 1996. Þann 27. júlí var hann að sinna eftirliti í Centennial Ólympíugarðinum þar sem fjöldi fólks var samankominn til að hlusta á tónleika þegar hann rak augun í græna hermannaösku sem einhver hafði skilið eftir við bekk sem var umkringdur fólki. Richard fyllist strax grunsemdum um að taskan innihéldi sprengju, lét yfirmenn sína vita og hóf síðan tafarlaust að rýma svæðið. Grunsemdir Richards reyndust réttar og aðeins tveimur til þremur mínútum síðar sprakk sprengjan með þeim afleiðingum að einn lést og 111 særðust. Þegar varð ljóst að ef Richard hefði ekki ákveðið að rýma svæðið strax og beðið þess í stað eftir fyrirmælum hefði sprengjan orðið fjölda manns að bana enda reyndist hún öflug og var hönnuð til að drepa sem flesta. Í fyrstu var Richard hylltur sem hetja en þegar sá grunur kviknaði að hann gæti sjálfur hafa búið sprengjuna til og komið henni fyrir var hann færður til yfirheyrslu. Það nægði til að virkja „dómstól götunnar“ og með fulltingi nokkurra blaðamanna sem sannfærðust um að Richard væri sá seki var mannorð hans troðið niður í svaðið. En Richard var blásaklaus af verknaðinum eins og síðar átti eftir að koma í ljós.

Richard Jewell verður frumsýnd 17. janúar.



Tveir af aðalleikurum *Richard Jewell*, Paul Walter Hauser og Sam Rockwell ræða hér við Clint Eastwood við tókur á myndinni.



March-systurnar Beth, Jo, Meg og Amy eru leiknar af Eliza Scanlen, Saoirse Ronan, Emmu Watson og Florence Pugh.

Einstök saga

Skáldsagan *Little Women* eftir rithöfundinn Louisa May Alcott (1832–1888) kom út í tveimur bindum árin 1866 og 1869 og hefur frá upphafi og allar götur síðan verið talin ein af meistaraverkum bandarískra bókmennta. Sagan er um March-fjölskylduna og þá sérstaklega March-systurnar fjórar, Jo, Meg, Beth og Amy, en er um leið sjálfsævisöguleg því Louisa May byggði hana á eigin lífi og systra sinna þriggja. Þótt þær systur væru samrýndar voru þær ólíkar að því leyti að þær horfðu hver með sínum augum á framtíðina. Þannig voru t.d. þær Meg og Amy vissar um að þeim yrði best borgið með því að giftast góðum mönnum (á ólíkum forsendum samt) á meðan Jo (sem í raun er Louisa May) vildi skapa sér sjálfstætt líf sem væri óháð því hverjum hún myndi svo giftast – ef hún myndi giftast. Sagan þykir gefa alveg ómetanlega innsýn í líf milli- og yfirstéttarfólks í Bandaríkjunum á árunum eftir bandarísku borgarastyrjöldina, er bæði áhrifarík og ógleymanleg en inniheldur einnig mikla rómantik og hómor.

Með hlutverk systranna fara þær Saoirse Ronan, Emma Watson, Florence Pugh og Eliza Scanlen og þau Laura Dern og Bob Odenkirk leika foreldra þeirra, Margaret og Robert. Meryl Streep leikur svo föðursystur systranna og Timothée Chalamet leikur einn af vonbiðlum, Theodore „Laurie“ Laurence. Leikstjóri og handritshöfundur er hins vegar Greta Gerwig sem sendi síðast frá sér hina rómuðu *Lady Bird*, en hún hlaut m.a. fimm tilnefningar til Óskarsverðlauna og Golden Globe-verðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna (Saoirse Ronan) og sem besta mynd ársins 2017.

Little Woman verður frumsýnd 24. janúar.



Saoirse Ronan og Timothée Chalamet leika hér saman á ný eins og í *Lady Bird* sem var einnig í leikstjórn Gretu Gerwig.

NICOTINELL

SKREF Í ÁTT AÐ

REYKLAUSU LÍFI



Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/ Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.





Finn Wolfhard, Brooklynn Prince og Mackenzie Davis leika aðalhlutverkin í *The Turning* eftir leikstjórnann Floriu Sigismondi.

Janúartryllir

Við sögðum frá því í síðasta blaði að hrollvekjunnendur ættu von á góðu í byrjun janúar þegar endurgerðin, eða kannski öllu heldur endurupplifunin af *The Grudge* verður frumsýnd. En hún er ekki eina hrollvekjan sem boðið verður upp á í byrjun árs 2020 því þann 24. janúar er von á myndinni *The Turning* eftir leikstjórnann Floriu Sigismondi.

The Turning sækir efnið í magnaða og víðfræga draugasögu enska rithöfundarins Henrys James (1843–1916), *The Turn of the Screw*, sem kom út árið 1898 og var fljót að ávinna sér þá umsögn að vera ein besta draugasaga breskra bókmennta. Sögunni hafa síðan verið gerð skil á ótal vegu bæði beint í leikritum, sjónvarpsmyndum og bíómyndum og óbeint þegar handritshöfundar og leikstjórar hafa notað efniviðinn úr henni í eigin hugmyndir og útfærslur. Eftir því sem okkur skilst er söguþræði upprunalegu bókarrinnar fylgt nokkuð vel í *The Turning* en hún segir frá barnfóstrunni Kate sem er ráðin á herragarðssetur fyrir utan London þar sem hún á að gæta tveggja munaðarlausra systkina. Um leið er henni reyndar velkomið að ganga þeim í móðurstað því frændi þeirra, sem er núverandi forráðamaður og réð Kate í starfið, vill ekkert með þau hafa og vill reyndar helst losna við þau af sínum herðum fyrir fullt og allt. Það þarf varla að nefna að brátt fara undarlegir hlutir að gerast á setrinu sem Kate fer fljótlega að gruna að tengist dauða fyrri barnfóstru krakkanna og elskhuga hennar. En það er eitthvað meira en það í gangi!



Úr fyrri hrollvekju janúarmánaðar, *The Grudge*, þar sem Andrea Riseborough leikur rannsóknarlögreglukonuna Muldoon.




Það er Elizabeth Moss sem leikur hina skelfdu Ceciliu sem ætlar seint að fá frið frá kvalara sínum, hinum ósýnilega Griffin. Með henni hér er lögfræðingur hennar sem Harriet Dyer leikur.

Febrúartryllir

The Invisible Man er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Leighs Whannell sem er reyndar þekktastur sem leikari en á sem leikstjóri að baki myndirnar *Insidious: Chapter 3* og *Upgrade*. Eins og heiti myndarinnar bendir til sækir hann hér bæði innblásturinn og aðra aðalpersónuna í hina frægu samnefndu vísindaskáldsögu H. G. Wells sem kom út árið 1897 og gerði efnafræðinginn Griffin að einum helsta og hættulegasta glæpamanni breskra bókmennta og hefur hann allar götur síðan skotið upp kollinum í fjölda annarra sagna, bæði í bókum, bíómyndum, sjónvarpsþáttum og -seríum.

Í þessari mynd birtist hann okkur sem hinn ofbeldisfulli vísindamaður Adrian Griffin sem um langt skeið hefur beitt sambýliskonu sína, Ceciliu Kass, grófu andlegu og líkamlegu ofbeldi. Kvöld eitt tekst henni með aðstoð vina sinna að flýja og fara í felur en óttast stöðugt að Griffin muni finna hana eins og hann hefur alltaf gert. Það er því þungu fargi létt af vinum hennar þegar í ljós kemur að Griffin hefur framið sjálfsmorð enda mun hann þá væntanlega ekki áreita Ceciliu á ný. Hún sjálf er ekki svo viss, heldur grunar hana að Griffin hafi með einhverjum hætti sett sjálfsmorðið á svið. Í ljós kemur að það er rétt en þar sem Griffin er orðinn ósýnilegur lendir hún í miklum vandræðum með að fá aðra til að trúa sér.

Fyrsta stiklan úr *The Invisible Man* hefur vakið mikla athygli enda þrælógð ein og sér. Myndin sjálf verður svo frumsýnd í febrúar.



Cecilia lendir í gríðarlegum vandræðum – skiljanlega – með að sannfæra aðra um að Griffin sé enn á lífi en ósýnilegur.



Daim

Sláðu í gegn!



Þeir John Thornton og Buck verða fljótlega nánir og góðir vinir enda sér John það strax að Buck er enginn venjulegur hundur.

Hinn leyndi þráður ...

Ævintýraunnendur eiga von á góðu 21. febrúar þegar myndin *The Call of the Wild* verður frumsýnd en hún er byggð á samnefndri smásögu Jacks London sem kom út árið 1903 og er fyrir löngu orðin sígild. Leikstjóri er Chris Sanders sem gerði m.a. teiknimyndirnar *Lilo & Stitch*, *How to Train Your Dragon* og *The Croods* og með aðalhlutverk hinna mennsku fara þau Harrison Ford, Karen Gillan, Bradley Whitford, Dan Stevens, Wes Brown og hinn franski Omar Sy.



Aðalkarakter myndarinnar er samt hundurinn Buck sem í upphafi sögunnar lifir hamingjuríku lífi sem vel metið gæludýr dómarans Millers og fjölskyldu hans í Santa Clara-dalnum í Kaliforníu. Klondike-gullæðið er nýhafið og því fylgir mikil eftirspurn eftir sleða- og dráttarhundum enda þurftu þeir sem vildu fara til Klondike að taka með sér minnst tonn af mat og öðrum nauðsynjavörum. Svo fer að Buck er stolið af óprúttum mönnum sem selja hann síðan í ánaud sem dráttarhund gullgrafara. Eftir mikið harðræði sem gengur mjög nærri Buck tekst honum loksins að sleppa úr prísundinni með aðstoð góðhjartaðs manns að nafni John Thornton. Upp frá því gjörbreytist líf þeirra beggja til hins betra og Buck á eftir að sanna að hann er engum öðrum hundi líkur þegar hann verður leiðtogi allra hunda og úlfa á svæðinu.

Buck og öll önnur dýr í *The Call of the Wild* eru tölvuteiknuð og geta áhugasamir séð hvernig sú nákvæmnisvinna lítur út í tveimur stiklum úr myndinni sem komnar eru á netið.




Myndin er tekin upp í Vestur-Kanada, þ. á m. þar sem atburðir hennar gerast í Klondike í Youkon-héraðinu.



Jim Carrey mætir aftur á hvíta tjaldið eftir langa fjarveru sem hinn illi og lævísí Ivo Robotnik sem lumar á lúmsku plani.

Broddgöltur á flóttu

Það kannast allir tölvuleikjaunnendur við broddgöltinn Sonic sem hefur verið aðalkarakter tölvuleikjaframleiðandans Sega allt frá 1991 þegar hann kom fyrst fram. Lengi hefur staðið til að gera bíómynd um Sonic og þann 14. febrúar verður draumurinn að veruleika þegar *Sonic the Hedgehog* verður frumsýnd.



Í myndinni kemur Sonic á harðaspani til jarðar á flóttu undan geimverum sem vilja klófesta hann til að komast yfir leyndarmálið að hraðanum sem hann ræður yfir en Sonic getur hreyft sig og hlaupið á a.m.k. hljóðhraða. En þetta er eins og að stökkva úr öskunni í eldinn því þegar fréttist af jarðarkomu broddgaltarins fráa er hinn illa innrætti Ivo Robotnik (Jim Carrey) strax sendur út af örkinni til að klófesta hann. Það sem yfirmenn Ivos vita ekki er að hann hefur síður en svo í hyggju að skila Sonic til þeirra heldur ætlar hann að nota hann til að ná sjálfur alheimsyferráðum. Hvort sú áætlun gangi eftir kemur í ljós.





Með titilllutverk myndarinnar fer kínverska stórstjarnan Yifei Liu sem er þekkt fyrir allt í senn, leik, tónlist og fyrisætustörf.

Mulan í mars

Næsta mynd í svokölluðum „live-action“-myndaflokki frá Disney, þar sem byggt er á eldri teiknimyndum fyrirtækisins eins og t.d. var gert í *Lion King*, *Maleficent*, *Beauty and the Beast* og fleiri vinsælum myndum, er sagan um kínversku alþýðuhetjuna Hua Mulan sem dulbjó sig sem strákr til að geta farið í stað föður síns í herinn og hjálpað til við að verjast innrás Húna. Teiknimyndin kom út árið 1998 og er af mörgum talin á meðal bestu mynda Disney fyrr og síðar. Með titilllutverk myndarinnar fer kínverska stórstjarnan Liu Yifei sem er þekkt á meðal almennings í Kína sem „álfkonusystir“ vegna unglegs útlits, en hún er fædd 25. ágúst árið 1987 og er því upp á dag jafngömul leikkonunni Blake Lively.



Sagan um Mulan er mikil hetjusaga sem hefst þegar Húnar undir forystu Bori Khan gera innrás í Kína, sumpart til að vinna land en samt aðallega vegna þess að Bori Khan vill koma fram hefnendum á keisarannum fyrir að hafa drepið föður hans. Til að verjast innrásinni krefst keisarinn þess að hver einasta fjölskylda landsins sendi einn karlmann í stríðið og þar sem faðir Mulan er bæði gamall og veikburða og bróðir hennar enn bara barn ákveður hún að dulbúa sig sem karlmann og fara í þeirra stað. Næstu tólf árin ávinnur hún sér svo virðingu fyrir einstakar hetjudáðir í baráttunni við Bori Khan og menn hans en tekst samt ætíð að leynd því að hún sé kona. Myndin verður ekki frumsýnd fyrr en í lok mars en fyrsta stiklan er komin á netið og lofar góðu eins og allar myndir frá Disney.



Bardagaatriðin í *Mulan* eru bæði mörg og mikilfengleg.




Leikstjórinn Sam Mendes ásamt leikurunum Dean-Charles Chapman og George MacKay við tókur á myndinni *1917*.

Og svona í lokin ...

... viljum við minna á fjórar myndir sem við höfum fjallað um áður hér í blaðinu og verða frumsýndar í janúar. Skal þar fyrst nefna nýjustu mynd leikstjórans Sams Mendez, *1917*, sem fjallar um sannkallaða hættuför tveggja hermanna yfir víglínuna í fyrri heimsstyrjöldinni, myndina *Queen & Slim* eftir Melínu Matsoukas sem hefur hlotið mjög góða dóma margra gagnrýnenda, grínfarsann *Jojo Rabbit* eftir nýsjálenska leikstjórnann og húmoristann Taika Waititi og svo ærsla- og fjölskyldumyndina *Playing With Fire* sem fjallar um nokkra slökkviliðsmenn sem neyðast til að gerast barnfóstrur um stund og fer það verk ekki beint vel úr hendi.

Að því skrifuðu óskum við svo bara lesendum okkar gleðilegra jóla og minnum aftur á að næsta blað kemur út á milli jóla og nýárs.





Hver er morðinginn?

Í tilefni 85 ára afmælis síns ákveður rithöfundurinn Harlan Thrombey að bjóða börnum sínum í heimsókn ásamt mökum og barnabörnum, en þau hafa ekki hist öll í einu um árabíl. Þegar Harlan er svo myrtur daginn eftir afmælisveisluna er lögreglumaðurinn Benoit Blanc fenginn til að rannsaka málið og er fljótur að uppgötva að það er risastór maður í mysunni.

Hvað er skemmtilegra en að fara í bíó og sjá sérlega góða og vel leikna morðgátu með þekktum toppleikurum í öllum hlutverkum og margslunginni atburðarás sem býður upp á verulega óvænta fléttu og úthugsaða blöndu af spennu og húmor? Svári hver fyrir sig en það er alveg ljóst af umsögnum um *Knives Out* að hún býður bíógestum upp á allt ofangreint og gott betur enda þykir hún líkleg til að verma eitt af toppsætunum á aðsóknarlistum ársins.



85 ára afmælisveisla hins auðuga rithöfundar, Harlans Thrombey, er sannkölld gleðistund en gamanið á heldur betur eftir að kárna morguninn eftir þegar hann finnst látinn í svefnherbergi sínu.

Knives Out

Morðgáta / Grásvört kómedía



Aðalhlutverk: Daniel Craig, Chris Evans, Ana de Armas, Jamie Lee Curtis, Michael Shannon, Don Johnson, Toni Collette, Katherine Langford og Christopher Plummer **Leikstjóri:** Rian Johnson **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumnýnd 29. nóvember



Chris Evans og Ana de Armas ræða hér við leikstjóra og handritshöfund *Knives Out*, Rian Johnson, fyrir tókur á einu atriðinu.

Veistu svarið?

Stjarna leikkonunnar Önu de Armas hefur risið hátt á undanförunum árum í kjölfar mynda eins og *Knock, Knock*, *War Dogs*, *Blade Runner 2049* og *Yesterday* og er nú svo komið að hún getur nánast valið úr hlutverkum. En frá hvaða landi er hún?



Punktar


★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Playlist* ★★★★★1/2 - *IndieWire*
 ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★ - *E.W.*
 ★★★★★1/2 - *R.Ebert* ★★★★★ - *Slate* ★★★★★ - *The Guardian*
 ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *The Verge*

• Eins og sést hefur *Knives Out* hlotið frábæra dóma gagnrýnenda og er með 84/100 í meðaleinkunn á Metacritic.com. Eru flestir á því að hér sé um að ræða eina allra skemmtilegustu bíóupplifun ársins.


• Leikstjóri *Knives Out*, Rian Johnson sem skrifaði einnig handritið og er einn af framleiðendum, á m.a. að baki myndirnar *Brick*, *The Brothers Bloom* og *Looper* auk þess sem hann leikstýrði og skrifaði handritið að síðustu *Star Wars*-mynd: *Episode VIII – The Last Jedi*.



Það má alveg bóka að rannsóknarlögreglumaðurinn Benoit Blanc (Daniel Craig), sem hér er ásamt aðstoðarmönnum sínum Elliott og Trooper (LaKeith Stanfield og Noah Segan), muni leysa morðgátuna.



Allt að verða vitlaust?



Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fánlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýrupolin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**



Jumanji: The Next Level

Ævintýri / Gamanmynd



Aðalhlutverk: Dwayne Johnson, Jack Black, Kevin Hart, Karen Gillan, Nick Jonas, Danny DeVito, Danny Glover, Awkwafina og Colin Hanks
Leikstjórn: Jake Kasdan **Bíó:** Smárabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Egilshöll og Kringlunni og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 6. desember



Jack Black og Karen Gillan í hlutverkum sínum í myndinni.

Veistu svarið?

Nick Jonas snýr einnig aftur úr fyrri myndinni en er nú leikjapersóna Spencers sem í fyrri myndinni var leikinn af Dwayne Johnson. Í henni lék Nick hins vegar Alex sem hafði verið lokaður inni í leiknum í mörg ár. En hver lék (og leikur) Alex í raunheimum?



Colin Hanks

Nýir staðir, ný andlit, nýjar áskoranir!

Hin fjöruga og stórskemmtilega mynd *Jumanji: Welcome to the Jungle* sló í gegn í kvikmyndahúsum um jólin 2017 og var þá þegar ákveðið að gera framhaldsmynd. Hér er hún komin og verður frumsýnd 6. desember, aðdæendum fyrri myndarinnar sem og öllum öðrum sem gaman hafa af góðum og bráð-fyndnum ævintýramyndum vafalaust til mikillar ánægju.

Eftir að hafa sloppið naumlega úr Jumanji-leiknum hafa þau Bethany, Fridge og Martha lítinn áhuga á að heimsækja hann á ný. Það neyðast þau hins vegar til að gera þegar Spencer hverfur aftur inn í leikinn og í þetta sinn fara óvart með þeim afi Spencers, Eddie, og besti vinur hans, Milo. Nú er bara að finna Spencer, passa upp á að Eddie og Milo fari sér ekki að voða og sleppa svo út í raunheima á ný!



Dwayne Johnson og Kevin Hart snúa að sjálfsögðu aftur úr fyrri myndinni en eru samt ekki sömu persónurnar og þeir voru í henni. Það gildir líka um persónurnar sem þeir Jack Black og Nick Jonas leika.

Punktur

- Eins og í tilfelli leikaranna snúa flestir aðstandendur fyrri myndarinnar aftur í þessari, þ. á m. leikstjórninn Jake Kasdan sem í þetta sinn skrifaði einnig handritið ásamt Scott Rosenberg og Jeff Pinkner.
- Þeir sem sáu fyrri myndina eru kannski að furða sig á hvernig það kemur til að sumir leikararnir leika nú aðrar persónur en þeir gerðu í henni. Skýringin er annars vegar sú að það eru ekki í öllum tilfellum sömu raunheimapersónur sem fara inn í leikinn í þetta sinn og hins vegar að í fyrri myndinni völdu raunheimapersónurnar sér leikjapersónu (avatar) áður en þær fóru inn í leikinn en í þessari mynd sogast þær inn í hann án þess að velja sér leikjapersónu fyrirfram og því velur leikurinn sjálfvirk „random“ leikjapersónu fyrir þær.



bragð
bætir
jólin





Töfrateppið fljúgandi

Hodja er persneskur strákur sem dreymir um að sjá sem allra mest af veröldinni sem allra fyrst. Þegar hann uppgötvar að teppi sem allir héldu að væri bara venjulegt teppi er í raun töfrateppi sem flýgur má segja að hann telji sig himin hafa höndum tekið. En þeir reynast margir sem girnast teppið.

Hodja og töfrateppið er nýjasta mynd danska teiknimyndahöfundarins Karstens Kiilerich sem gert hefur bæði bíómyndir og sjónvarpsseríur allt frá árinu 1987 og sendi síðast frá sér teiknimyndina *Litla vampírán* sem var sýnd í kvikmyndahúsum fyrir tveimur árum.

Eitt það fyrsta sem Hodja gerir eftir að hann uppgötvar töfrateppið er að fljúga á því til borgarinnar. Þar eignast hann góða vinkonu en lendir jafnframt í klípu þegar ágjarn soldán krefst þess að teppið verði sitt og er tilbúinn að gera hvað sem er til að eignast það ...

Punktur

- *Hodja og töfrateppið* er byggð á fjórðu barnabók danska kennarans og rithöfundarins Ole Lund Kirkegaard (1940–1979) sem kom út árið 1970, en eftir Ole liggja fjölmargar þekktar sögur eins og *Gúmmi-Tarsan*, *Ottó nashyrningur*, *Fúsi froskagleypir*, *Flóðhestur á heimilinu*, *Kalli kúluhattur*, *Ég, afi og Jóla-Stubbur* og margar fleiri.



Hodja og töfrateppið

Teiknimynd / Fjölskylduskemmtun

L 81 mín

Íslensk talsetning: Árni Beinteinsson, Agla Bríet Einarsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Hjálmar Hjálmarsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Valdís Eiríksdóttir, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Bjarki Kristjánsson, Hjalti Rúnar Jónsson og Ársæll Karl Ingólfsson **Þýðandi:** Matthías Kristjánsson **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 6. desember



Nintendo®


NINTENDO
SWITCH.



NITSW HW RED BLUE



JUST DANCE 2020



ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800

Skoðaðu úrvallid okkar á

ORMSSON.IS



Sögunni lýkur

Níunda og síðasta myndin í *Star Wars*-seríunni sem hleypt var af stokkunum árið 1977, eða fyrir 42 árum, verður frumsýnd 19. desember en hún gerist um ári eftir atburðina í síðustu mynd, *The Last Jedi*. Er komið að endalokum andspyrnunnar eða munu þau Rey, Finn og Poe finna leið sem snýr taflinu við?

Eins og venja hefur verið að undanförunu með framhaldsmyndir þá hefur lítið fleira verið gefið upp um söguþráð *The Rise of Skywalker* annað en það sem kemur fram hér fyrir ofan og svo það sem ráða má af stíklunum. Því síður er vitað hver verður endirinn á þessu mikla og langlífa ævintýri, en það má ætla að ýmislegt varðandi hann muni koma áhorfendum á óvart. Allir leikarar og aðstandendur myndarinnar eru bundnir þagnareyði og um leið eru þeir kvikmyndaunnendur sem sjá myndina með fyrra fallinu beðnir um að segja ekki öðrum sem eiga eftir að sjá hana frá sögulokunum.



Sem fyrr mun mest mæða á þeim Finn, Rey og Poe í þeirri lokaorrustu sem framundan er og þeir Chewbacca og C-3PO sem sjást þarna í bakgrunni munu að sjálfsögðu ekki liggja á sínu liði.

Star Wars: The Rise of Skywalker

Ævintýri



Aðalhlutverk: Daisy Ridley, John Boyega, Oscar Isaac, Andy Serkis, Lupita Nyong'o, Mark Hamill, Adam Driver, Domhnall Gleeson, Kelly Marie Tran, Billie Lourd, Naomi Ackie o.fl. **Leikstjórn:** J.J. Abrams
Bíó: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Smárabíó, Laugarásbíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frumnýnd 19. desember



Veistu svarið?

Nú þegar *Star Wars*-ævintýrinu lýkur með þessari níundu mynd seríunnar stendur m.a. eftir að af öllum þeim aragrúa leikara sem leikið hafa í myndunum er aðeins einn sem leikið hefur í þeim öllum. Hvaða leikari er það?



Anthony Daniels, sem leikur C-3PO

Punktur

- Þótt Carrie Fisher hafi látist í desember 2016 leikur hún enn á ný Leiu í *The Rise of Skywalker*. Um er að ræða ónotuð atriði úr *The Force Awakens* og segir J.J. Abrams að handritshöfundar myndarinnar og klipparar hafi fundið afar snjalla leið til að láta þau falla að sögunni.
- Billy Dee Williams snýr aftur í þessari mynd sem Lando Calrissian, 36 árum eftir að hann lék hann síðast í *Return of the Jedi* árið 1983. Hinn illi keisari Palpatine snýr einnig aftur í túlkun Ians McDiarmid en hann sáum við síðast í *Revenge of the Sith* árið 2005.
- Billie Lourd sem leikur Connix á ný í *The Rise of Skywalker* er eins og flestir vita dóttir Carrie Fisher og er í myndinni á nákvæmlega sama aldri og móðir hennar var þegar hún lék Leiu í *A New Hope*, 23 ára.





HREINDÝRA BORGARINN

2019




2.190 KR.

115 G HREINDÝRABORGARI · GOUDA & MARIBO OSTUR
PIKKLAÐUR RAUÐLAUKUR · SINNEPSMAJÓ · STEIKTIR SVEPPIR · SALAT

VIÐ ERUM Á OLÍS

GRILL66.IS



Cats

Söngleikur / Gaman / Fjölskyldumynd

Aldurstakmark og lengd óstaðfest fyrir prentun

Aðalhlutverk: Francesca Hayward, James Corden, Taylor Swift, Judi Dench, Rebel Wilson, Jennifer Hudson, Ian McKellen, Idris Elba, Ray Winstone o.m.fl. **Leikstjórn:** Tom Hooper **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frummynd 26. desember



Taylor Swift leikur Bombalurinu í *Cats* og er þetta um leið stærsta hlutverkið sem hún hefur tekið að sér í bíómynd.

Veistu svarið?

Cats er fjórða vinsælasta sýning sem sett hefur verið upp á Broadway frá upphafi, rétt á eftir *The Lion King* og *Chicago*. Í toppsætinu er hins vegar annar söngleikur eftir Andrew Lloyd Webber. Hvaða söngleikur er það?



The Phantom of the Opera

Trúðu þínum eigin augum

Hinn heimsfrægi söngleikur *Cats* verður frumsýndur í kvikmyndahúsum á annan dag jóla. Þetta er gamansamt, litríkt og heillandi dansævintýri við frábæra tónlist Andrews Lloyd Webber og um leið fjölskylduskemmtun í algerum sérflokki.

Það er alveg óhætt að mæla með þessari gæðamynd sem er gerð af Óskarsverðlaunahafanum Tom Hooper, þeim sama og gerði kvikmyndaútfærslu söngleiksins *Vesalingarnir* (*Les Misérables*) árið 2012 og á þess utan að baki klassamyndir eins og *The Damned United*, *The King's Speech* og *The Danish Girl*. Sagan segir frá kommúnu kattartegundar sem nefnist „Jellicles“ og gerist að mestu kvöldið sem kommúnan, undir stjórn leiðtogans Deuteronomy, velur hvaða köttur í hópnun verður sendur til „himna“ svo hann geti fæðst aftur og hafið lífið sem hann langaði alltaf til að lifa ...




Cats er mikil veisla fyrir augu og eyru og í aðalhlutverkum er hópur toppleikara og toppdansara sem fara allir á kostum. Hér fara fremst þau Francesca Hayward og James Corden í einu atriði myndarinnar.

Punktur

- Eins og flestir vita er tónlistin í *Cats* eftir Andrew Lloyd Webber sem samdi hana á árunum 1977 til 1980 við ljóðabálkinn *Old Possum's Book of Practical Cats* eftir T. S. Eliot og þeir eru áreiðanlega fáir sem þekkja ekki einn aðalsmellinn úr söngleiknum, lagið *Memory* sem Grizabella syngur, en hún er hér leikin af Jennifer Hudson. Þess ber að geta að Andrew samdi nokkur aukalög sérstaklega fyrir myndina og verður gaman að heyra hvernig þau hljóma.

- Eftir að Andrew Lloyd Webber hafði lokið við að semja tónlistina fékk hann í lið með sér framleiðandann Cameron Mackintosh sem ákvað að fá leikstjórnann Trevor Nunn og danshöfundinn Gillian Lynne til að sviðsetja söngleikinn og var hann fluttur í fyrsta sinn í West End í London árið 1981. Allar götur síðan hefur *Cats* farið sigurför um heiminn í óteljandi uppfærslum virtustu leikhúsa.



Francesca Hayward fer með eitt stærsta hlutverkið í *Cats*, hina lítt reyndu og saklausu Victoríu, en Francesca hefur um árabil verið einn af aðaldönsurum við Konunglega ballettinn í London.



BY APPOINTMENT TO THE ROYAL DANISH COURT

Anthon Berg[®]

Since 1884



YOU CAN NEVER BE TOO GENEROUS



Spæjarar í dulargervi

Teiknimynd / Fjölskylduskemmtun

L 102 mín

Íslensk talsetning: Árni Beinteinn Árnason, Orri Huginn Ágústsson, Þórunn Erna Clausen, Oddur Júlíusson, Hildur Magnúsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Breki Elís Sunneuson **Þýðing:** Stefán Már Magnússon **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Bíó:** Smárabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Álfabakka og Egilshöll og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 26. desember



Njósna­rinn sem breyttist í dúfu

Lans Sterling er heimsins færasti njósnari og sérsveitarmaður og ef ekki væri fyrir hann þá væri einhver glæpamaðurinn fyrir löngu búinn að útrýma mannkyninu. Það má því segja að stórhætta skapist þegar nánasti samstarfsmaður Lans, ungur tækninörd að nafni Valtýr, breytir honum óvart í dúfu.

Spæjarar í dulargervi (*Spies in Disguise*) er nýjasta mynd Blue Sky-teiknimyndafyrirtækisins sem á m.a. að baki hinar bráðskemmtilegu *Ísaldar*-myndir, *Río*-myndirnar, *Horton Hears a Who!* og nú síðast hina afar vinsælu og ljúfu mynd um góða nautið Ferdinand.


Eftir að Valtýr breytir Lans í dúfu (sem var reyndar dálítið Lans sjálfum að kenna) verða góð ráð dýr því stórglæpamaðurinn illi og voldugi, Kiljan, er um það bil að fara að láta til skarar skríða gegn mannkyninu. Ljóst er að til að stöðva hann dugar ekki dúfa sem er ekki einu sinni búin að læra að fljúga – nema eitthvað meira komi til!

Punktur


- Myndin verður sýnd með íslenski og enski talsetningu og í þeirri síðarnefndu eru það þau Will Smith, Tom Holland, Karen Gillan, Ben Mendelsohn, Rashida Jones, Reba McEntire, Masi Oka og Rachel Brosnahan sem ljá helstu persónunum raddir sínar.



SAMFILM KYNNIR FJÓRAR
FRÁBÆRAR Í BYRJUN ÁRS 2020



1917
10. JANÚAR



RICHARD JEWELL
17. JANÚAR



BIRDS OF PREY
7. FEBRÚAR



SONIC THE HEDGEHOG
14. FEBRÚAR




**SONY
PLAYSTATION 4**

- 500GB geymsla
 - Dualshock 4 stýripinni
 - HDMI snúra fylgir
- PS4500GBSLIM

49.995

**SONY
PLAYSTATION 4 PRO**

- 1TB geymsla
 - HDR og 4K stuðningur
 - Dualshock 4 stýripinni
 - HDMI snúra fylgir
- PS4PRO

62.995

**SONY
PS4 GOLD HEADSET**

- Þráðlaus heyrnartól fyrir PS4 frá Sony
 - 7.1 Virtual Surround
 - Innbyggður hljóðnemi
- PS4SONYGOLDHS

14.995

**ENN FLEIRI
LITIR Í BÓÐI**
**PS4
DUALSHOCK 4 STÝRIPINNI**

PS4DUALSC2 PS4DUALSHBF PS4DUALSHOCKC PS4DUALSHOC2R PS4DUALSHOC2B PS4DUALSEP
PS4DUALSRG PS4DUALSSTEELBLACK PS4DUALSTI PS4DUALSRC PS4DUALSHOC2W PS4DUALSHOC2C

9.995
**MIKIÐ ÚRVAL
PS4 LEIKJA OG
AUKAHLUTA**

**PS4
HLEDSLUSTÖÐ
F. 2 STÝRIPINNA**

PS4CHARGINGST

5.995

**PS4
AUKA TAKKAR
Á DUALSHOCK 4**

PS4STRIKEPACK

9.995

**SEAGATE
2TB HARDUR
DISKUR FYRIR PS4**

SGPS4GDP2TB

17.495

NÝR LEIKUR

**PS4
DEATH STRANDING**
PS4DEATHSTRA

10.995

NÝR LEIKUR

LANDSLAGIÐ Í LEIKNUM ER INNBLÁSIÐ AF ÍSLANDI

**PS4
CALL OF DUTY: MODERN WARFARE**
PS4CODMW19

11.995

**PS4
VR MEGAPACK 2**

- VR sýndarveruleikagleraugu
- VR Worlds, Skyrim, Astro Bot
- Resident Evil, Everybody's Golf

PS4VRMEGAPACK2

59.995

**PS4
PIRANHA SPEED STÝRI**

- Fyrir PS4
- 12 takkar
- 270° snúningsradius
- Pedalar fylgja

21.995

**PIRANHA
SKINN OG PUMALGRÍP**

- Pumalgríp fyrir Dual Shock 2
- 2x skinn utan um stýripinna
- 8x gríp á analog pinna

PS4P397045

2.995

**PIRANHA
CHARGE DOCK**

- Hleður 2x Dual Shock 2
- 1,5 m USB snúra fylgir

PS4P397011

3.495

**PS4
VR STÝRIPINNAR
2 STK**

PS4MOVETWIN

11.995